

STARFSLEYFISSKILYRÐI ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

551298 - 3029

vegna

Hlíðarveitu, Bláskógabyggð

ISAT 40.300.1 <10MW



Gefið út af Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Starfsleyfi þetta gildir fyrir rekstur hitaveitu, vatnsöflunar og verkstæða í starfsstöðvum fyrirtækisins vegna Hlíðarveitu, Bláskógabyggð.

Hlíðarveita samanstendur af borholu við Syðri-Reyki í Biskupstungum. Heita vatnið er um 65 °C. Þjónar veitan sumarhúsabyggð í Úthlíð, Brekkuskógi, Miðhúsaskógi og Skyggnskógi, bújörðum og íbúðum á þjónustusvæðinu auk starfsemi í Biskupstungum.

Forráðamaður er [Ingvar Baldursson](#), Bæjarhálsi 1,110 Reykjavík.

Markmið starfsleyfis er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollustu og hreinu umhverfi

1.1 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, samkvæmt ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og ákvæði reglugerða, sem gilda um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfi þessu.

1.2 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur hitaveitu og tengdrar starfsemi í starfsstöðvum fyrirtækisins. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um eigendur. Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á almenning, eða vegna röskunar á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.

1.3 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

1.4 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5 Frágangur matstofa, hreinlætistækja og snyrtiherbergja starfsmanna skal vera í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugerða.

1.6 Um meðferð og frágang olíu- og gastanka og búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2. UMHVERFI

2.1 Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Annað hvort verði þar unnið eftir, eða samkvæmt eigin kerfi, eða viðurkenndum umhverfis- málakerfum t.d. (EMAS)-reglugerð um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfis- málakerfi ESB nr. 32/1996 og ÍST EN ISO14001.

2.2 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um, að á athafnasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur allan , skal taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta. Koma skal í veg fyrir aðgang búfjár á lóðum vinnustöðva.

2.3 Halda skal húsnæði og lóð snyrtilegu og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað á lóð fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi og nágranna. Ef þarf að geyma gáma, kör, kassa og aðra hluti utandyra, skal raða slíku upp á snyrtilegan hátt, og eftir atvikum byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Athafnasvæði stöðvarinnar skal vera afgirt og með læstum hliðum.

3 MENGUNARVARNIR.

FRÁVEITUR

3.1 Fráveitur skulu vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Olúgildra skal vera á fráveitu verkstæða og rotþró á fráveitu starfsmannaaðstöðu vinnustöðva sem ekki eru tengdar fráveitu sveitarfélags.

3.2 Öll losun vinnsluefna í yfirborðsvatn er óheimil. Ekki er heimilt að hleypa ókældu borholuuvatni í fráveitu. Heimil hámarkshækkun hitastigs utan þynningarsvæðis er 2°C, hvergi má sjást set eða útfellingar við útrásir.

3.3 Ef þvo á vélar og tæki eða hluta þeirra utandyra skal það gert á föstu vökvaheldu plani með afrennsli um olúskilju. Fyrirtækið skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélarþvotta s.s. lokuð kerfi án leysiefna t.d. gufuþvott og háþrýstiþvott.

3.4 Nota skal þrifaaefni sem hafa fengið viðurkenningu Hollustuverndar ríkisins. Sjálfvirkir lokar skulu vera á vatnsslöngum. Ristar eða síur og körfur skulu vera á öllum niðurföllum.

3.5 Yfirborðsvatn af þökum og nærsvæðum skal leiða framhjá hreinsivirki og í siturlögn eða malarsvelg.

3.6 Losun efna, umhverfisálag og mæliaðferðir skulu vera í samræmi við reglugerð nr. 797/1999 um fráveitur og skólþ. Vísað er til viðauka reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ varðandi sýnatöku, vinnslu sýna, færðbreytur og útreikninga.

LOFTMENGUN

3.7 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Tryggja skal að rakastig í útblæstri sé ávallt eins og reglugerðir segja til um til að koma í veg fyrir ryk í útblæstri. Þess skal gætt að reykur, ryk og hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Halda skal loftmengun þannig í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu lofti.

3.8 Loftræstingu verkstæða skal þannig háttáð að hún valdi ekki nágrenni óþægindum vegna mengunar, ryks, lyktar eða hávaða. Afsog frá lyktar- og efnauppsprettum skal kælt, síað og leitt upp fyrir þakbrún. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur haldist hreinn.

3.9 Takmarka skal loft- og gufumengun frá bormannvirkjum.

HÁVAÐI

3.10 Takmarka skal hávaða eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða skv. reglugerð um hávaða nr. 933/1999. Við borholur skal halda hávaða innan marka iðnaðarsvæða.

ÚRGANGUR

3.11 Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er. Fara skal að ákvæðum reglugerðar 805/1999 um úrgang eins og við á og ákvæði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu og flytja reglulega til eyðingar eða vinnslu hjá viðurkenndum móttökuaðilum. Förgun úrgangs skal fara fram á viðurkenndum förgunarstað. Öll brennsla úrgangs er óheimil.

3.12 Á gámum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvað megi fara í gáminn. Rekstraraðila er skylt að halda gámum, flokkunarbúnaði og lóð snyrtilegu og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Sorphirslur og ílát undir úrgang og til flutninga skulu jafnframt standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins, sjá að öðru leyti reksrarhandbók OR VLG-005 Sorp og spilliefni.

MEDFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

3.13 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisaskaða eða heilsutjóni almennings.

3.14 Geyma skal öll hættuleg efni, efnasambönd og efnaúrgang á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins. Þetta gildir m.a. fyrir eftirtalin efni; Klórflúorkolefni (freon, kælimiðlar), ammóníak, klór, lútur, sýra, sápur, hreinsiefni, olíur, málning, lökk, lím og lífræn leysiefni. Þegar spilliefnum er skilað skal kvittun fyrir skilunum fengin frá flutningsaðila eða móttökustöð. Á kvittuninni skal koma fram nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu.

3.15 Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang eða losa þau í fráveitu. Ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna, sjá að öðru leyti reksrarhandbók OR VLG-005 Sorp og spilliefni.

4 EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA

4.1 Á hverri vinnuvakt skal starfa umsjónarmaður, sem hefur góða þekkingu á búnaði og starfsreglum þessum sem og öðrum reglum fyrirtækisins.

4.2 Halda skal skrá um innra eftirlit og um rekstrarþætti, sem geta haft í för með sér mengun. Skrá skal og geyma upplýsingar í rekstrarhandbók athugasemdir starfsmanna og eftirlitsaðila um;

- a. Atriði er varða rekstur hreinsibúnaðar, hreinsun og viðgerðir búnaðarins, dagsetningu á tæmingu og losun efna magn og förgunarþætti.
- b. Skráð skal magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila og förgunar í samræmi við reglugerð um spilliefni nr. 810/1999.
- c. Skilgreining efnafræðilega skaðvalda sem notaðir eru á vinnustaðnum, sbr. reglugerð nr. 765/2001.
- d. Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði eða önnur frávik eða slys.
- e. Fyrirtækið skal að öðru leyti kom á skráningum og innra eftirliti í samræmi við reglugerðir, umhverfisstefnu og gæðamarkmið fyrirtækisins.

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik er geta varðað almannaeill.

4.3 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

4.3 Fyrirtækið skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum.

4.4 Ef mengunaróhapp verður, s.s. að olíur eða önnur spilliefni leka út í umhverfið eða niður í fráveitu, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva lekann og hreinsa upp efnið sem hefur lekið niður. Hafa skal strax samráð við heilbrigðiseftirlitið, brunavarnir, lögreglu, vinnueftirlit og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á.

5. ÝMISS ÁKVÆÐI, GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

5.1 Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi þessu og skal kynna sér þau lög og reglur sem viðkoma starfseminni.

5.2 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 og öðlast gildi við birtingu.

5.3 Starfsemi þessi er í **ISAT 40.30.0.1** og greiðir rekstraraðili árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.



Selfossi 15. september 2009

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Birgir Þórðarson
Heilbrigðisfulltrúi

15 09 2009 / BP / **OR** HLÍÐARVEITA
AUSTURVEGUR 56 - 58 • SELFOSSI • 800
SÍMI: 482 2410 • FAX: 482 2921 NETFANG HS@SUDURLAND.IS
WWW.SUDURLAND.IS/HS